

1869.

27. septbr.

79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um skilríki með skýrslum embættismanna til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.

Eftir tilmælum fjárstjórnarinnar eruð þér, herra (tit.), beðnir að skora framvegis á alla embættismenn, sem þér eruð settir yfir, og ekki óska að komast hjá að sjá ekkjum sínum fyrir framfærslufé á venjulegan hátt, með því að sjá þeim borgið með öðru móti, að láta fylgja með skýrsluforminu um ekkjuforsorgun vitnisburð frá lækni um, að lífi hlutaðeiganda sé engin bráð hættu búin, og, ef þeir ekki þegar eru búnir að sjá konunni fyrir framfærslufé, þá að senda einnig skirnar-seðil beggja hjónanna; en þó er það aðgæzluvert, að vitnisburður læknisins má ekki vera gefinn út meir en hér um bil hálfum mánuði áður en hann var sendur af stað með pósti, nema svo sé háttað, þar sem embættismaðurinn er, að lengra hlýtur að líða um. Þegar þessa hefir verið gætt, og öll skjölín eru í góðri reglu, mun fjárstjórnin tafarlaust hlutast til um, að ekkjunni verði séð fyrir framfærslufénu fyrir tillag æfilangt, sem í fyrsta skipti mun verða borgað fyrirfram úr ríkissjóðnum.

Við sama tækifærið skal dómsmálastjórnin brýna fyrir yður það, sem mælt er fyrir um í bréfi hennar 19. aprílmán. 1864, að sjá um, að dálkarnir í slíkum skýrsluformum um ekkjuforsorgun sé rétt fylltir út og svo, sem vera ber, og að rita síðan á skýrsluformið vottorð yðar um, að þér hafið ekkert útá það að setja, hvernig þeir eru fylltir út.

29. septbr.

80. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kornlán handa Austur-Skaptafells-sýslu.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á síðasta alþingi, hafið sent hingað og látið uppi álitsskjal yðar

um þegnlega bænarskrá þingsins, sem beiðist þess, að bætt verði úr kornskortinum á Íslandi, hafið þér, útaf bænarskjali frá alþingismanninum úr Austur-Skaptafellssýslu um, að tæðri sýslu, sem ekki fékk neina hlutdeild í kornláaninu í fyrra, verði veittar 20 tonn af rúgi að láni til að afstýra hallæri að vetri komanda, lagt til með í bræfi dagsettu 9. þ. m., að 20 tonn af rúgi verði keyptar og sendar til Berufjarðar til aðstoðar handa sýslu þessari, með því skilyrði, að hlutaðeigandi hreppar skuldbindi sig til að gjalda 4 af 100 á ári í leigur af andvirði kornsins og að borga það aptur á 5 árum, fimmta part á ári.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að stjórnarráðið hefir látið kaupa rúg þann, er þér hafið beiðið um, og sent hann með gufupóstskipinu, sem nú fer á stað, til Weywadts, kammerassessors, verzlunarfulltrúa á Berufirði; verður hann geymdur þar til yðar ráðstöfunar, til þess að þér lánið hann bágstöddustu hreppunum í Austur-Skaptafellssýslu uppá þá skilmála, að fæ það, sem hefir gengið til að kaupa kornið og senda það, og borgað hefir verið úr íslenzka styrktarsjóðnum — en það er, auk leigu fyrir geymsluhús og fleira, sem seinna kann að falla uppá, 175 rd. 46 sk. — verði ávaxtað með 4 af 100 á ári, og borgað aptur á næstu 5 árum samfleytt, fimmti partur á ári.

Því skal við bætt, að, ef því verður ekki komið við, að flytja korn þetta í land á Berufirði, verður það flutt til Reykjavíkur.

81. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir kennslu heyrnalausra og mállausra á Íslandi.

Í bræfi dagsettu 8. þ. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þér hafið fengið vísbendingu frá konungsfulltrúa á alþingi um það, að til þingsins hafi komið bænarskrá um, að síra

1869.

29. septbr.

29. septbr.